

**Ed. 959. Frumvarp til laga [391. mál]**  
um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera að:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla og menntamál á Íslandi.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.

3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir.

Við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar.

### 3. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera í höndum stjórnarnefndar sem í eiga sæti: Rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands; fjórir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af eftirtöldum aðilum: fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður stjórnarnefndar, fulltrúi tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af skólaráði Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Formaður boðar fundi stjórnarnefndar og stýrir þeim. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður, að fengnum tillögum forstöðumanns, starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

### 4. gr.

Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála stjórnar forstöðumaður. Stjórnarnefnd ræður forstöðumann til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstöðumanns um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.

Forstöðumaður skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

### 5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

### 6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.